

**Reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla****1. gr.****Almennt**

Allir nemendur sem stunda nám við Flóaskóla fá hádegisverð þá daga sem kennsla fer fram. Allur matur skal vera í samræmi við opinber manneldismarkmið. Nemendur í 1. – 4. bekk fá morgunhressingu alla daga auk þess geta nemendur í 5. – 10. bekk óskað eftir morgunhressingu í áskrift.

Starfsmenn skólans geta einnig keypt sér mat á sama verði og nemendur.

2. gr.**Verð**

Gjaldskrá tilgreinir mánaðargjald fyrir hádegisverð og morgunhressingu og miðast við 20 daga að meðaltali í hverjum mánuði. Morgunhressing er innifalin í gjaldi nemenda í 1. – 4. bekk en nemendur í 5. – 10. bekk sem skráðir eru í morgunhressingu greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá og bætist það við greiðslu fyrir hádegisverð.

3. gr.**Innheimta**

Uppgör fer fram mánaðarlega, eftir á, og er greiðsluseðill birtur í heimabanka foreldra/forráðamanna og starfsmanna.

4. gr.**Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps og skal endurskoða þær árlega.

Flóahreppi 1. nóvember 2022



Hulda Kristjánsdóttir (sveitarstjóri)